

**Ed. 204. Frumvarp til laga**

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jónas Jónsson, Jón Baldvinsson.

2. gr. laganna breytist á þessa leið:

I. Fyrir 1. málslíð í A. 1. komi tveir nýir málslíðir:

*Suðurlandsvegur, sem er tvískiptur frá Reykjavík í Ölfus, önnur*

- leiðin um Lækjarbotna, en hin um Hafnarfjörð, Krisuvík og Selvog. Úr Ölfusi um Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá.
- II. Fyrir orðin „um Hóla í Nesjum“ í 3. másl. A. 1. komi: yfir Hornafjarðarfljót innra (um Hoffell að Bjarnanesi) og yfir Hornafjarðarfljót ytra um Hóla í Nesjum.
- III. Fyrir orðin „Lón að Lónsheiði“ í sama málslið komi: Lón um Hraunhólskletta að Lónsheiði.
- IV. Aftan við A. 9. bætist: og þaðan að Ásólfssstöðum.
- V. Fyrir orðin í A. 11. „inn Fljótshlíð að Hlíðarenda“ komi: inn Fljótshlíð að Múlakoti.
- VI. Á eftir A. 11. bætist nýr liður:  
*Meðallandsvegur*: Frá Suðurlandsvegi austan við Ásakvislar yfir Eldhraun að Langholti í Meðallandi.
- VII. Á eftir B. 5. bætist nýr liður:  
*Reykholtisdals- og Hálsasveitarvegur*: Frá Kláffossbrú að Lambá.
- VIII. Á eftir B. 6. bætist nýr liður:  
*Mýravegur*: Frá Stykkishólmsvegi vestan Langár, niður Álftaneshrepp sunnanverðan niður fyrir Hólsvatn og þaðan vestur um Álftárós og Laxárholt að Ökrum í Hraunhreppi.
- IX. Á eftir B. 8. bætast nýir liðir:  
 a. *Útnesvegur*: Frá Ólafsvikurvegi, austan Fróðárheiðar um Breiðavík að Sandi.  
 b. *Skógarstrandarvegur*: Frá Stykkishólmsbraut í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum.
- X. Á eftir B. 10. bætist nýr liður:  
*Kaldrananeshreppsvegur*: Frá Strandavegi við Selá, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veidileysu að Reykjarfirði (Kúvikum).
- XI. Á eftir B. 11. bætast nýir liðir:  
 a. *Reykhólasveitarvegur*: Af Geiradalsvegi í Þorskafjörð.  
 b. *Barðastrandarvegur*: Frá Þjóðveginum, milli Geirseyrar og Bildudals, af Mikladal og að Haga á Barðaströnd.
- XII. Á eftir B. 12. a. bætast nýir stafliðir:  
 a. Af Breiðadalsheiði til Suðureyrar í Súgandafirði.  
 b. Frá Gemlufalli að Núpi og frá Gemlufalli að Höfða í Dýrafirði.
- XIII. Á eftir B. 12. b. bætist nýr stafliður:  
 Frá Þingeyri til Haukadals og frá Þingeyri í Hvamm í Dýrafirði.
- XIV. Á eftir B. 13. bætist nýr liður:  
*Ármúlavegur*: Frá vegamótum Langadalsvegur við brú á Langadalsá til Ármúla.
- XV. Á eftir C. 10. bætast nýir liðir:  
 a. *Blönduhlíðarvegur*: Frá Héraðsvatnabré á Grundarstokk, um Blönduhlíð og Viðvikursveit, um brú á Gljúfurá á Hofsósvog.  
 b. *Lágheiðarvegur*: Frá Siglufjarðarvegi um Lágheiði til Ólafsfjarðar.
- XVI. Á eftir C. 12. koma nýir liðir:  
 a. *Svarfaðardalsvegur*: Frá Ásgarði að Urðum.

- b. *Svalbarðsstrandarvegur*: Frá Grenivík um Fnjóskárbrú og Laufás, á Norðurlandsveg á Svalbarðsströnd.
- c. *Kinnarvegur*: Frá Norðurlandsvegi hjá Krossi um Köldukinn að Garði í Aðaldal.
- XVII. Aftan við C. 13. bætist: og þaðan um Kálfaströnd að Reykjahlíð.
- XVIII. Á eftir C. 13. bætist nýr liður:  
*Fjallavegur*: Frá Reykjahlíð um brú á Jökulsá að Grimsstöðum á Fjöllum.
- XIX. Á eftir C. 15. bætist nýr liður:  
*Langanesvegur*: Frá Þórshöfn um Langanes að Skálum.
- XX. Á eftir D. 1. kemur nýr liður:  
*Vopnafjarðarvegur*: Frá Austurlandsvegi hjá Möðrudal og í Vopnafjörð.
- XXI. Fyrir „*Stranda- og Vopnafjarðarvegur*“ í D. 2. komi: *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur*.
- XXII. Á eftir D. 2. komi nýr liður:  
*Hróarstunguvegur*: Frá Rangárbrú um Kirkjubæ og brú á Lagarfljóti í nánd við Lagarfljótsfoss á Úthéraðsveg.
- XXIII. Aftan við D. 3. bætist: Um Gönguskörð og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.
- XXIV. Á eftir D. 6. komi nýr liður:  
*Þórdalsheiðarvegur*: Frá Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði til Reyðarfjarðar.

#### Greinargerð.

Stærsta breytingin í þessu frv. frá núverandi vegalögum felst undir I., þar sem stungið er upp á því, að Suðurlandsvegur verði tvískiptur austur í Ölfus, og ný leið valin um Hafnarfjörð, Krisuvík og Selvog, aðallega sem vetrarvegur.

Höfuðtilgangurinn með lagningu þessarar nýju Suðurlandsbrautar undir I. er að fá eins tryggt samband og unnt er milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins að vetrarlagi. Hefir þessi leið hin beztu skilyrði í því augnamiði, þar sem hún liggur aðeins 168 m. yfir sjó þar sem hún er hæst, en annars allmiklu lægra langsamlega mestan hluta leiðarinnar.

Til samanburðar má geta þess, að núverandi leið yfir Hellisheiði liggur hæst 370 m. yfir sjó, eða um 200 m. hærra, leiðin um Þrengslin kemst upp í rúmlega 260 m., eða 100 m. hærra, og Þingvallaleiðin kemst í svipaða hæð (260 m.).

Það er því bert, að þetta er sú langlægsta leið, sem hægt er að fá milli þessara tveggja staða, ef ekki er farið enn lengra vestur á Reykjanesið, en því fylgja aftur ókostir nokkrir, sem síðar mun litlega verða vikið að. Vegalengdin frá Reykjavík að Ölfusárhru þessa leið er um 103 km. og því að visu allmiklu lengri en núverandi vegur yfir Hellisheiði, sem mun vera um 60 km. (59 km.). En til samanburðar má geta þess, að Þrengslaleiðin mun vera um 70 km. og Þingvallaleiðin 93 km.

Vegarstæðið mun vera mjög svipað því, sem venjulega gerist hér á landi, hvorki verra né betra. Þó eru tvær smávegis torfærur á leiðinni, en hvorug stór. Hin fyrri er Kleyfarvatn. Þar mun verða að fara með veginn norðvestan með vatninu, en á nokkrum hluta þess svæðis hagar svo til, að klettur ganga þverhnýpt niður í vatnið. Meðfram hömrum þessum er vatnið mjög grunnt, 1—2 m., og getur stundum verið alveg á þurru, svo að sennilega má fá mjög ódýra fyllingu með því að sprengja úr berginu og láta grjótið detta niður fyrir. Ekki er þetta svæði heldur lengra en svo, að nema mun samtals tæpum 1 km. Hin torfæran er sandkamburinn fyrir framan Hlíðarvatn, því að örðugt mjög mun að fara með veginn ofan við vatnið. Sandkambur þessi mun vera laus fyrir og breytast ef til vill eitthvað af ölduróti sjávar, og þyrfti því sennilega að tryggja hann eitthvað með sterkri steinsetningu. Ósinn þyrfti líka að brúa, en hvorugt þetta mun vera mjög kostnaðarsamt, þar sem lengd kambsins er ekki nema um 12—1300 m.

Einn höfuðkostur vegar þessa er sá, að hann liggur um ræktanlegt land og að nokkru leyti byggt, og bætir þar úr mjög brýnni þörf, auk þess að vera vetrarvegur fyrir Suðurlandsundirlendið. Neðsti hluti Ölfuss, Þorlákshöfn, Selvogur, Herðisarvík og Krísuvík geta öll notað þennan veg, sér til mikils hagræðis, en smá þessi héruð eru nú að mestu og önnur að öllu leyti veglaus. Hinn nýi vegur um Þrengslin liggur aftur á móti algerlega um allsóræktanlegt og ónothæft land til nokkurs hlutar. — Þetta sjónarmið réði því og, að vegstæðið var valið um Krísuvík en ekki vestar, þó að þar hefði sennilega mátt fá allgott vegstæði um eða undir 100 m. yfir sjó þar sem það var hæst, enda hefði vegalengdin líka vaxið þá um 5—10 km.

Fyrir hinum öðrum breytingum á vegalögnum, eða viðaukum við þau, mun verða gerð sérstök grein í umræðum.